

9

31. jan.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nr. 91
17. maí 1951, sbr. reglugerð nr. 168 19. ágúst 1952.

1. gr.

Fyrri málsliður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lántakandi greiðir 6½% ársvexti af skuld sinni.

2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr. 2. mgr., komi: hæstu lög-
leyfða fasteignalánavexti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr.
168 19. ágúst 1952.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1956.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

10

2. febr.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsabygginga á jörð-
um, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á
löðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildar eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir,
er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905.
Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaupún þar með undan-
þegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins.
Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og
ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll
þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði Norður-Ísafjarðarsýslu og Bygg-
ingarsjóði, svo og af sýslusjóðum annarra sýslna á Vestfjörðum, ef ráðinn verður
sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26
1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af
viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum